

Alþingi
Erindi nr. P 121/2069
komudagur 9.5.1977

Minnispunktur um frumvarp um lífeyrismál, 7.5. 1997 / ÁE

1. Það er mjög mikilvægt að það náist fram heilstæð löggjöf um lífeyrissjóði, en nú er raunhæfari möguleiki á því en nokkru sinni um áratugaskeið.
2. Ef málið frestast núna og ekki hvað síst ef það er í illindum við stjórnmalaflokka og aðila á vinnumarkaði þá getur málið tafist enn mjög lengi. Það sama á við ef lögfest er útfærsla sem nýtur ekki almenns stuðnings.
3. Vinna út frá stjórnarfrumvarpinu eins og það var lagt fram, þó með nokkrum breytingum.
4. Taka tillit til athugasemda ASÍ og VSÍ um breytingar á 2. gr., þó sérstaklega þeim þætti er snýr að ráðningasamningum. Tilvísunin í starfsgreinasjóði er þeim þó mjög mikilvæg.
5. Ekki heimila almennum lífeyrissjóðum að taka við viðbótarsparnaði frekar en nú er.
6. Leyfa séreignasjóðunum að starfa áfram fyrir og með þeim aðilum sem hafa greitt reglubundið í þá. Þetta á einnig við þær starfsstéttir sem hafa um mörg ár byggt upp lífeyrissparnað sinn í þessu formi. Ekki gera breytingu gagnvart þeim hópum. Nýir aðilar færu hins vegar inn í almennt samtryggingarkerfi, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.
7. Það hefur ekki verið sambúðarvandi milli samtryggingarkerfis og séreignakerfis á lífeyrismarkaðinum.
8. Aðilar sem nú spara með reglubundnum hætti í séreignakerfinu eru um 3-4 þúsund, en aðrir í samtryggingarkerfinu eru um 130 þús. Ekki skapa borgarastyrjöld vegna þessa tiltölulega fámenna hóps. Leyfum þeim að vera í friði með sitt fyrirkomulag.
9. Festa núna í lög hinar almennu reglur án kerfisbreytinga á núverandi stöðu. Það er hægt að gera kerfisbreytingar síðar ef almennur vilji stendur til þess. Setja hinn löngu tímabæra heildarramma um umgjörð, eftirlit o.fl..
10. Það er óskynsamlegt að skapa óróa hjá aðilum vinnumarkaðarins í þessum efnum, ekki síst í ljósi þess að nú eru að takast samningar á vinnumarkaði sem tryggja vinnufrið í þrjú ár. Það er einstakt tímabil framundan á vinnumarkaðinum og mjög alvarlegt að hefja það með ónauðsynlegum átökum.